



**Tæring á ryðfríu stáli í íslensku sjávarumhverfi – Áfangaskýrsla 1. Baldvin Einarsson. Efla hf. – október 2023.**

Samantekt skýrsluhöfundar:

Birtar eru niðurstöður á tæringu á fimm tegundum af ryðfríu stáli eftir eins árs veðrun á Kársnesi í Kópavogi og við Veðurstofu Íslands í Reykjavík. Einnig eru birtar niðurstöður á tæringu á venjulegu stáli á sömu stöðum til samanburðar við fyrri mælingar og til að flokka tæringaraðstæður á mælistöðunum. Tæring á stálsýnum er mjög í samræmi við eldri mælingar eftir eitt ár. Engin tæring kom fram á sýnum úr ryðfríu stáli eftir eitt ár, en lítilsháttar litabrigði komu fram á einni stáltegund.